



FRAMHALDSSKÓLINN Á LAUGUM

Ársskýrsla 2022

Prófill

Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna:

Húsnæði skólans er 6.702 m². Árið 2022 voru 110,9 nemendur í fullu námi við skólann og starfsmenn voru 32 í 25,6 stöðugildum

Námsframboð:

Skólinn bauð upp á nám á fjórum brautum til stúdentsprófs: Félagsvísindabraut, íþróttabraut, kjörsviðsbraut og náttúruvísindabraut. Ennfremur var boðið upp á nám á almennri námsbraut.

Framkvæmd markmiða:

Unnið er að að markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2022-2024. Þónokkur markmið hafa náðst og árangur er að nást með önnur markmið. Markmið um líðan og kvíða nemenda hafa þó frekar fjarlægst á árinu. Kannski eru það eftirsköst Covid ástandsins og þeirra takmarkana sem því fylgdu.

Umbótaþættir eftir sjálfsmat:

Þær breytingar sem voru gerðar á mætingu á haustönn 2017 skiluðu mun betri mætingum og einkunnum og hefur raunmæting ekki farið undir 85,8% síðan á haustönn 2019 og meðaleinkunn ekki undir 6,75. Í ljósi góðs árangurs hafa ný raunmætingarmarkmið verið sett. Námsráðgjöf og sálfræðingsþjónusta hefur verið aukin talsvert og skilaði því að nemendum á Laugum leið almennt betur en á landsvísu þó svo að líðanin hafi versnað frá árinu 2021. Viðhorf nemenda og hollusta gagnvart skólanum hefur líka verið hærra en gengur og gerist en hafa einnig lækkað frá 2021. Samstarfið við Þingeyjarskóla er orðið allverulegt og er að aukast við aðra grunnskóla á upptökusvæði skólans. Sérstök áhersla hefur verið á að kynna skólann fyrir grunnskólanemendum á landsvísu og hefur það skilað skólanum verulega auknum nemendafjölda. Starfsandinn hefur einnig batnað verulega frá árinu 2019 en dalaði þó árið 2022.

Úttektir:

Skólinn hlaut viðhéltað jafnlaunavottun sinni.

Afkoma, rekstrarstaða:

Rekstur skólans var neikvæður um 4,0 millj. kr.

Brottfall:

Brottfall nemenda við skólann árið 2022 var rúmlega 0,9%. Brottfall úr áföngum var 3,6%

Stjórnun:

Skólameistari, áfangastjóri og fjármálastjóri og einnig kom verkefnastjóri að stjórnun skólans á haustönn

Samvinna við aðra:

Verkmenntaskólinn á Akureyri, Menntaskólinn á Akureyri, Framhaldsskólinn á Húsavík, Menntaskólinn á Tröllaskaga, Þingeyjarskóli, Reykjahlíðarskóli, Stórutjarnaskóli, Ungmennafélagið Efling, Austurbrú og Þekkingarnet Þingeyinga.

Sérstakar áherslur/sérsvið skólans:

Skólinn rekur framhaldsskóladeildi á Vopnafirði. Skólinn sérhæfir sig í persónubundinni þjónustu, einstaklingsmiðuðu námi og sveigjanlegu námsumhverfi með miklu íþrótt-, leiklistar- og tónlistarstarfi. Nemendur eru með samfelldan skólalag frá 09:15-15:30 og er hann stundatöflulaus þannig að kennarar kalla nemendur í fagtíma þegar þurfa þykir en þess á milli vinna þeir síðarnefndu undir leiðsögn kennara.

Nemendur og nám:

Við Framhaldsskólann á Laugum voru fimm námsbrautir, almenn braut, félagsvísindabraut, íþróttabraut, náttúruvísindabraut og kjörsviðsbraut.

119 nemendur hófu nám í byrjun árs 2022 og skiluðu 3.336 einingum (111,2 nemendum í fullu námi). 111 nemendur voru með Framhaldsskólann á Laugum sem heimaskóla og 8 nemendur höfðu annan skóla sem heimaskóla.

- 9 á almennri námsbraut
- 31 á félagsvísindabraut
- 26 á íþróttabraut
- 33 á kjörsviðsbraut
- 18 á náttúruvísindabraut
- 1 á íþrótt- og félagsvísindabraut
- 1 á íþrótt- og náttúruvísindabraut.

47 strákar og 72 stúlkur. Brottfall á önninni var 0,9%. Að meðaltali voru 18,4 nemendur í hópi í fag tíma í stundatöflu. Meðaleinkunn allra nemenda yfir alla áfanga var 7,03.

Haustið 2022 byrjuðu 111 nemendur sem skiluðu 3.318 einingum (110,6 nemendum í fullu námi). 103 nemendur voru með Framhaldsskólann á Laugum sem heimaskóla og 8 nemendur höfðu annan skóla sem heimaskóla.

- 8 á almennri námsbraut
- 40 á félagsvísindabraut
- 22 á íþróttabraut
- 27 á kjörsviðsbraut
- 12 á náttúruvísindabraut
- 1 á íþrótt- og kjörsviðsbraut
- 1 á íþrótt- og náttúruvísindabraut.

40 strákar og 71 stúlka. Brottfall á önninni var 1,0%. Að meðaltali voru 19,6 nemendur í hópi í fag tíma í stundatöflu. Meðaleinkunn allra nemenda yfir alla áfanga var 7,29.

Framhaldsskólinn á Laugum starfar eftir samþykktri námsskrá og reynir af fremsta megni að búa nemendur undir frekara nám og daglegt líf og þátttöku í lýðræðisþjóðfélagi í gegnum sveigjanlegt námsumhverfi, persónubundna námsáætlun og fjölbreyttar kennsluaðferðir. Reynt er að meta alla að verðleikum og taka tillit til sérþarfa hvers og eins. Skóladagurinn á Laugum er samfelldur kl. 09:15-15:30 alla virka daga vikunnar nema föstudaga þegar hætt er kl 14:30. Íþróttakennsla fer fram milli 16 og 18 mánudaga til fimmtudaga og er miðað við að hver nemandi mæti í íþróttir í 24 klst á hverri önn.

Laugaskóli er skóli á hreyfingu sem nýtir tíma kennara og nemenda á sem bestan og einstaklingsmiðaðan hátt. Stundatafla skólans er fljótandi, þ.e. hún er aldrei eins frá viku til viku og námið því nemendastýrt. Nemedur mæta á vinnuborð sín kl. 9:15 hvern dag og gera grein fyrir áætlunum sínum í náminu þann daginn. Í lok dags taka kennarar svo stöðuna á því hvernig nemendum hefur gengið. Yfir daginn vinna nemendur að verkefnum sínum við vinnuborð sín eða í smáum hópum ýmist sjálfir eða undir handleiðslu kennara. Auk þess boða kennarar nemendur í úttektir í fag tímum og er mjög misjafnt milli vikna og faga hversu margar úttektir eru í fagi og hversu langar. Einnig er mismunandi hvort allur námshópurinn er boðaður í úttektir eða bara hluti hans. Kennslan í fag tímum er fjölbreytt, allt frá hefðbundnum fyrirlestrum, yfir í umræðutíma, yfir í vendikennslu o.s.frv. Skólinn notar Microsoft Teams eingöngu sem

kennsluumhverfi og kennir allar námsgreinar í gegnum það auk þess að nota það til samskipta. Kennsluumhverfið er því að stórum hluta rafrænt.

Lýðheilsa og umhverfismál eru stóðir skólastarfsins. Eiga þær áherslur að verða greinilegar í öllum kenndum áföngum sem og í öðru starfi skólans. Unnið er með eftirfarandi lykilhugtök í þeirri vinnu; Líkaminn, hreyfing, næring, hvíld, geðheilbrigði, siðvitund, félagsfærni, kynheilbrigði, umhverfi, menning, listir og upplýsingalæsi.

Í skólanum er símat, þ.e. nemendur þreyta próf, gera ritgerðir og leysa verkefni með jöfnum hætti yfir önnina og lokapróf í hefðbundnum skilningi eru ekki þreytt við skólann nema í undantekningatilfellum. Kennsluvikur annararinnar eru því að jafnaði 17 talsins. Þessi tilhögun gerir það að verkum að námið er mjög einstaklingsmiðað og auðvelt fyrir nemendur að taka færri eða fleiri einingar en hefðbundið skipulag gerir ráð fyrir.

Framhaldsskóladeild á Vopnafirði:

Framhaldsskólinn á Laugum hefur starfrækt framhaldsskóladeild á Vopnafirði frá haustinu 2016 í samstarfi við Austurbrú og Vopnafjarðarhrepp. Þar hefur starfið gengið vel og heimfólk mjög ánægt. Á vorönn voru tveir nemendur við deildina og þrjár hófu nám á haustönn.

Samstarf við aðra:

Samstarf hefur verið við Verkmenntaskólann á Akureyri um að taka að sér að kenna í fjarnámi þá áfanga sem skólinn getur ekki boðið uppá. Einnig geta nemendur skólans tekið slíka áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann. Með þessu móti getum við aukið námsframboð okkar. Að sama skapi býður Framhaldsskólinn á Laugum nemendum annarra skóla áfanga í gegnum Fjarmenntaskólann. Vegna þessa samstarfs situr skólameistari Framhaldsskólans á Laugum hálfsmánaðarlega fundi Fjarmenntaskólans.

Í lok árs 2015 var undirritaður samstarfsamningur milli framhaldsskólanna á Norðausturlandi og hefur samstarfið á milli þessara skóla verið til fyrirmyndar. Skólameistarararnir sitja fundi vikulega og hafa skipt með sér ýmsum verkum, þ.e. einn skóli leiðir ákveðið verkefni, annar annað verkefni og svo koll af kolli.

Samstarf hefur líka verið við grunnskóla um kennslu í einstaka áfanga fyrir þá nemendur sem lokið hafa markmiðum grunnskólans fyrir 10. bekkinn. Á vorönn 2022 nýttu fimm nemendur frá Þingeyjarskóla sér þann möguleika sem og þrjár nemendur. Á haustönn 2022 stunduðu sex nemendur frá Þingeyjarskóla nám við Laugaskóla og það sama geri einn nemandi Reykjahlíðarskóla. Einnig sá Framhaldsskólinn á Laugum um valfag á unglingastigi í tvo tíma á viku. Framhaldsskólinn á Laugum lætur bæði Þingeyjarskóla og Reykjahlíðarskóla í té kennsluhúsnæði. Aukinheldur stendur skólinn fyrir tónlistarhátíðinni Tónkvísl og grunnskólamáti í íþróttum og býður grunnskólum á norðausturlandi að taka þátt í þessum viðburðum.

Samstarf er milli íþróttabrautarinnar og Ungmennafélagsins Eflingar um þjálfun ungmenna. Þetta nýtist skólanum sem hluti af starfsnámi brautarinnar. Að sama skapi er samstarf milli skólans og leikdeildar Umf. Eflingar um leikistarstarf og taka nemendur þátt í uppfærslum leikdeildarinnar

Eins og áður sagði á skólinn í samstarfi við Austurbrú og Vopnafjarðarhrepp um rekstur Vopnafjarðardeildar.

Mat á markmiðasetningu í stefnumiðaðri áætlun 2021-2023:

Haustið 2017 tóku gildi nýjar mætingarreglur við Framhaldsskólann á Laugum sem fólust í því að raunmætingin var einungs skoðuð með það að markmiði að hún yrði 85% eða hærrí hjá hverjum og einum. Þannig eru engin leyfi gefin og allar fjarvistir telja inn í mætinguna sama af hvaða orsökum þær eru (skröp telja jafnt og veikindi) þrátt fyrir að auðvitað sé tekið tillit til eðli fjarvistanna þegar kemur að því að nemendur þurfa að skrú sig úr áföngum. Raunmæting á haustönn 2017 varð strax 84% en raunmæting hafði aldrei farið yfir 80% í a.m.k. 10 ár þar á undan. Hún dalaði reyndar aftur veturinn 2018-2019 og vorið 2019. Haustið 2019 varð hún hins vegar hærrí en nokkru sinni fyrr eða 85,8% og hefur aldrei farið niður fyrir það síðan. Á Árinu 2022 var raunmætingin 85,8% á vorönn og 89,2% á haustönn. Skólinn hefur því sett sér ný mætingarmarkmið um að 92% raunmætingu verði náð árið 2024. Betri mætingu fylgdu hærrí einkunnir var meðaleinkunn nemenda 7,1 haustið 2019 eða hálfum hærrí í margar annir þar á undan (var til að mynda 6,2 á vorönn 2019) og hefur ekki farið undi 6,75 síðan. Meðaleinkunn allra nemenda á vorönn 2022 var 7,03 og 7,29 á haustönn 2022. Brottfall úr áföngum helst í hendur við betri mætingu og einkunnir og lækkaði frá 13,1% á vorönn 2019 í 6,4% á haustönn 2020. Brottfall úr áföngum á árinu 2022 var 4,6% á vorönn og 2,6% á haustönn.

Samkvæmt *Skólalúsinum* voru 69,4% nemenda sammála eða mjög sammála því að þeim liði á heildina vel í skólanum sem var heldur lægra en viðmiðið (78,9%) og lægra en hlutfallið árið 2021 þegar 84,8% nemenda sögðu að þeim liði vel eða frekar vel í skólanum. Í sömu könnun merktu 45,4% nemenda við 7 eða hærrí á skalanum 1-10 þegar þeir voru beðnir um að meta hversu hamingjusamir þeir væru sem var svipað og á síðasta ári (47,1%) og mun lægra en meðal allra nemenda í könnuninni 68,3%). Einnig voru 53,8% nemenda með einkenni kvíða (41,8% á síðasta ári) sem var hærrí hlutfall en meðal allra nemendanna í könnuninni (33,1%). Viðhorf og hollusta nemenda gagnvart skólanum mælist 65,7% sem er svipað og viðmiðið (66,7%) en talsvert lægra hlutfall en árið 2021 þegar viðhorf og hollusta var 78,8%. Nemendur hafa daglegan aðgang að námsráðgjafa og vikulegan aðgang að hjúkrunafræðingi. Einnig hafa nemendur aðgang að sálfræðingi á tveggja vikna fresti og greiðir skólinn a.m.k. þrjú fyrstu tímána fyrir hvern nemanda sem þarf á slíkri þjónustu að halda.

Aðeins hefur verið unnið að því markmiði að auka fjölbreytni náms og með það að í huga var sett upp kjörsviðsbraut til stúdentsprófs við skólann og hefur aðsókn að henni verið góð. Að sama skapi hefur samstarf við aðra framhaldsskóla og grunnskóla verið talsvert eins og áður. Átta nemendur annarra skóla tóku áfanga við Framhaldsskólann á Laugum bæði á vorönn og á haustönn. Samstarf var við Ungmennafélagið Eflingu um uppsetningu á leikritinu Gaurangangi og hófust æfingar á haustönni og stefnt á frumsýningu í febrúar 2023. Einnig tóku fimm nemendur Framhaldsskólans á Laugum þátt í uppsetningu Píramusar og Þispu, leikfélags Framhaldsskólans á Húsavík, á Wake me up before you og haustið 2022. Að venju var samstarf við Hjálparsevit skáta í Reykjadal og eru nokkrir nemendur virkir þátttakendur í því starfi.

Unnið var að þeirri markmiðasetningu að bæta skólabraginn og voru endurbætur á vinnuaðstöðu kennara kláraðar vorið 2019. Skilaði það sér í góðri einkunn (4,17) fyrir undirþáttinn *Ánægja með vinnuaðstöðu* í könnuninni *Stofnun ársins* það ár og hefur sú einkunn verið yfir 4,50 síðan 2020 (var 4,67 2022). Heildareinkunn fyrir „starfsanda“ hækkaði líka marktækt eftir aðgerðir 2019 (úr 3,80 í 4,29 og svo 4,17) en dalaði því miður á árinu 2022 (4,00). Ekki er ljóst hvers vegna starfsandinn lækkaði og ljóst að vinna verður með hann áfram þar sem hann er umtalsvert lægri en hjá öðrum framhaldsskólum og háskólum (4,34). Ánægja í starfi er engu að síður góð (4,42) og sú sama hjá öðrum framhaldsskólum og háskólum (4,42).

Einnig var haldið áfram með markmiðasetingu skólans að fjölga nemendum og var haldið áfram með markaðsherferð sem sett var af stað í mars 2018. Aðsókn nemenda beint úr 10. bekk meira en tvöfaldaðist á milli árunna 2018 og 2019 og hefur haldist nokkuð stöðug síðan. Aðsóknin er aðeins meiri en skólinn nær að anna og þess vegna hefur skólinn því miður þurft að hafna nemendum úr 10. bekk um skólavist frá haustinu 2019.

Áfram gengur sú vinna að klára ýmsar stefnur og áætlanir þokkalega. Skólinn viðhélt jafnlaunavottun sinni og var óútskýrður launamunur kynjanna 0,6% körlum í vil árið 2022. Skólinn hélt áfram með grænu skrefin og reiknar með að taka sitt annað og þriðja skref á vormánuðum 2023.

Starfsmannahald 2022:

Skólanum er stýrt af skólameistara og honum til aðstoðar er áfangastjóri í 50% starfi sem slíkur sem og fjármálastjóri (60% starf). Kennarar við skólann eru í 9,85 stöðugildum, verkefnastjóri á Vopnafirði í 100% starfi og námsráðgjafi í 80% starfi. Á árinu þurfti samt að auka stöðuhlutföll kennara í hlutastörfum um 0,6 stöðugildi. Kerfisstjóri er í 55% starfi, húsvörður í fullu starfi, ræstitæknar í tveimur stöðugildum og húsbændur í tæpu einu og hálfu stöðugildi. Skólaritari er í 50% starfi, skólasálfræðingur kemur einn dag í viku og skólahjúkrunafræðingur einn dagpart í viku. Hjá mötuneyti skólans er bryti (matráður, kokkur) í fullu starfi og starfsstúlkur í 2,6 stöðugildum. Jafnframt starfar fjármálastjóri hjá mötuneytinu í 40% starfi og þvottastjóri í 100% starfi.

Árið 2022 unnu eftirtaldir við Framhaldsskólann á Laugum:

Skólameistari:

Sigurbjörn Árni Arngrímsson

Áfangastjóri:

Hallur Birkir Reynisson

Brautarstjóri almennrar námsbrautar:

Sverrir Haraldsson (til 31. júlí)

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir (frá 1. ágúst)

Verkefnastjóri framhaldsskóladeildar á Vopnafirði:

Bjarney Guðrún Jónsdóttir

Náms- og starfsráðgjafi:

Eygló Sófusdóttir

Skólahjúkrunafræðingur:

Dagbjört Bjarnadóttir

Skólasálfræðingur

Elín Eydís Friðriksdóttir

Fjármálastjóri:

Þórunn Sigtryggisdóttir

Kerfisstjóri:

Kristinn Ingi Pétursson

Bryti:

Kristján Guðmundsson

Kennarar skólans:

Andri Hnikarr Jónsson

Arnór Benónýsson (í veikindaleyfi frá 20. júní)

Ásta Gísladóttir (í barnsburðarleyfi frá 2. september)

Birna Björnsdóttir

Connie Maria Cuesta-Schmiedl

Freydís Anna Arngrímsdóttir

Guðmundur Smári Gunnarsson (í leyfi til 31. júlí, lét þá af störfum)

Guðný Halldórsdóttir (frá 1. ágúst)

Gunnhildur Hinriksdóttir (á vorönn og 28. september til 3. nóvember)

Hanna Sigrún Helgadóttir (í leyfi til 31. júlí, lét þá af störfum)

Járnbrá Björg Jónsdóttir (frá 1. ágúst)

Jóna Björk Jónsdóttir (frá 1. ágúst)

Margrét Guðmundsdóttir (frá 1. ágúst)

Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir

Ragna Heiðbjört Þórisdóttir

Sigurlaug L. Svavarsdóttir (á vorönn)

Starkaður Snær Hlynsson (á vorönn)

Bókasafnskennari:

Jóhanna Eydís Þórarinsdóttir (til 31. júlí)

Bókavörður:

Sólborg Matthíasdóttir (frá 1. ágúst)

Skólaritari

Sigrún Aagot Ottósdóttir

Starfsfólk mötneytis:

Dagný Sigríður Sigurjónsdóttir, starfsstúlka

Elín Hólmfríður Gunnlaugsdóttir, starfsstúlka (frá 20. ágúst)

G. Sigrún Hringsdóttir, starfsstúlka

Sigríður Sveinbjörnsdóttir, starfsstúlka

Svanhildur Kristjánsdóttir, starfsstúllka (til 31. maí)

Þvottahús:

Hjördís Sverrisdóttir

Húsbændur:

Ingólfur Víðir Ingólfsson

Jón Sverrir Sigtryggson

S. Hlynur H. Snæbjörnsson

Húsvörður:

Kristján Snæbjörnsson

Ræstingar:

Eva Björg Jónsdóttir

Kristjana Kristjánsdóttir

Fjármál og rekstur

Rekstarreikningur

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	389.900.000	378.760.000
Aðrar tekjur		1.260.000	1.362.000
Vörusala		1.473.800	1.483.600
Framlög og ýmsar tekjur	3	32.042.666	35.317.903
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	5.867.186	5.460.752
Tekjur samtals		430.543.652	422.384.255
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	243.278.425	229.544.460
Annar rekstrarkostnaður	5	185.365.947	178.726.075
Afskriftir	6	5.867.186	5.460.752
Gjöld samtals		434.511.558	413.731.287
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(3.967.906)	8.652.968
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(5.802)	(1.458)
		(5.802)	(1.458)
Afkoma ársins		(3.973.708)	8.651.510

Efnahagsreikningur

Eignir	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	106.752	744.222
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		29.153.272	28.349.868
Aðrar eignir		128.213	133.763
		29.281.485	28.483.631
Fastafjármunir samtals		29.388.237	29.227.853
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		0	22.500
Tengdir aðilar	9	26.094.015	26.979.462
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	3.712.155	1.034.046
Handbært fé		5.844.541	3.789.226
Veltufjármunir samtals		35.650.711	31.825.234
Eignir samtals		65.038.948	61.053.087
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	11		
Hrein eign		9.340.678	13.314.386
Eigið fé samtals		9.340.678	13.314.386
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	108.784	232.190
Viðskiptaskuldir		4.097.617	2.490.705
Ýmsar skammtímaskuldir	12	15.222.445	13.479.196
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	13	36.269.424	31.536.610
Skuldir samtals		55.698.270	47.738.701
Eigið fé og skuldir samtals		65.038.948	61.053.087

Skýringar á rekstrar- og efnahagsreikningi 2022

Fjárveitingar á fjárlögum fyrir árið 2022 til Framhaldsskólans á Laugum námu samtals 389,9 m.kr. Þar af voru 10,6 m.kr. flokkaðar sem fjárfestingarheimild og fjárheimildir ársins því 379,3 m.kr. Tekjufærsla frestaðra tekna var 5,9 m.kr. Aðrar tekjur voru 34,8 m.kr og lækkuðu um 8,9%, mest megnis vegna þess að skólinn fékk greiðslur vegna átaks Vinnumálastofnunar um sumarvinnu skólafólks árið 2021 en engu slíku átaki var að fagna árið 2022. Heildartekjur skólans á árinu voru því 430,5 m.kr. og jukust um 1,9% á milli ára. Á árinu stóð til að fjárfesta fyrir 12,9 m.kr. og nýta þannig bæði ónýtta fjárfestingarheimild frá árinu 2021 upp á 2,3 m.kr. sem og fjárfestingaheimild ársins 2022. Þegar upp var staðið var fjárfest fyrir rúmar 6 m.kr. og fjárfestingar upp á 5,9 m.kr. bíða því ársins 2023. Búið er við að fjárfestingar og fjárfestingarheimildir skólans verði í góðu jafnvægi í lok árs 2024.

Rekstrargjöld ársins voru samtals 434,5 m.k. og hækkuðu um 5,0%. Laun hækkuðu um 13,8 m.kr. eða 6,0% vegna kjarasamninga. Annar rekstarkostnaður hækkaði hins vegar um 6,7 m.kr. eða 3,7%. Þar munaði mest um að húsaleiga jókst um 6,9 m.kr. og aksturskostnaður jókst um 2,3 m.kr. Á móti lækkaði auglýsingakostnaður um 1,7 m.kr. Þar sem hækkanir á fjárveitingum til skólans halda engan veginn í við umsamdar launahækkanir eða hækkun húsaleigu voru rekstrargjöld 4 m.kr hærri en heildartekjur ársins og því lækkaði höfðustóll stofnunarinnar, sem var 13,3 m.kr. í árslok 2021. Við bindum hins vegar vonir við að nemendafjöldinn á árinu 2023 verður svipaður og á árinu 2022 að fjárframlögin haldist í hendur við hann og þá ætti resktur skólans að geta verið nálægt jafnvægi á árinu 2023.

Höfuðstóll eða ónotuð fjárheimild Framhaldsskólans á Laugum nam 9.340.678 kr. í árslok 2022. Staða Framhaldsskólans á Laugum á viðskiptareikningi við ríkissjóð var 17,4 m.kr í lok árs 2022.

Laugum, 17. ágúst 2023

Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari
Þórunn Sigtryggisdóttir fjármálastjóri